


Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1553
komudagur 25. 2. 2008



Dr. Kristinn Ólason
Rektor Skálholtsskóla
rektor@skalholt.is
www.skalholt.is
801 Selfoss
s. 486 8870 / gsm. 899 8678

Skálholti 21. febrúar 2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Skálholtsskóla vegna tillögu til þingsályktunar þskj. 309.

Með bréfi frá Alþingi dagsettu 7. febrúar sl. var farið þess á leit við Skálholtsskóla að veita umsögn vegna tillögu til þingsályktunar á 135. löggjafarþingi 2007-2008 þskj. 309, 275. mál.

Skálholtsskóli fagnar mjög tillögu um skipun vinnuhóps á vegum Vestnorræna ráðsins til að útfæra tillögur að stofnun norrænna lýðháskóla á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum. Full ástæða er til að efla samvinnu og samstarf þeirra landa sem sitja í ráðinu. Þá er nauðsynlegt að fara vel yfir hugmyndir um stofnun sérstakra skóla eða námsleiða sem auðvelda og efla samskipti þjóðanna. Hægt er að fara ýmsar leiðir, meðal annars á grundvelli þess sem þegar liggur fyrir í menntakerfi þjóðanna þriggja. Skálholtsskóli var á sínum tíma lýðháskóli og hefur því reynslu á þessu sviði umfram margar skólastofnanir. Þrátt fyrir að lýðháskóli sé ekki rekinn lengur í Skálholti fer þar fram öflugt menntastarf þar sem boðið er upp á endurmenntunarnámskeið, starfsnámskeið, helgarnámskeið og margt fleira. Boðið er upp á námskeið á vegum þjóðkirkjunnar en einnig annarra aðila. Öll aðstaða hér hefur batnað ár frá ári og eru fyrirhugaðar frekari breytingar til eflingar staðarins á þessu ári.

Skálholtsskóli lýsir yfir fullum vilja til viðræðna um frekari mótun hugmyndarinnar um stofnun norrænna lýðháskóla á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum sem lögð er fram í þingsályktunartillögu þessari.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Skálholtsstaðar



Kristinn Ólason
Rektor Skálholtsskóla